

Kópavogur, 16. maí 2012

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

**Efni: Svar við athugasemdum Sjávarútvegsráðuneytisins um aðferðafræði og niðurstöður Deloitte**

Deloitte hafnar öllum þeim ávirðingum sem Sjávarútvegsráðuneytið setur fram í umsögn sinni um skýrslu Deloitte sem send var til atvinnuveganefndar 23. apríl sl. Jafnframt hörmum við aðför sem sjávarútvegsráðherra hefur gert að Deloitte á fundum og opinberum vettvangi í tengslum við sjávarútvegsfrumvörpin. Deloitte telur að frumvörpin um stjórn fiskveiða sem nú liggja fyrir Alþingi séu illa undirbúin og stórgölluð.

Starfsemi Deloitte byggir á trausti og áreiðanleika enda er óhæði grundvallarþáttur í starfsemi Deloitte. Við fögnum faglegri umræðu og gagnrýni á okkar vinnu en vísam á bug öllum dylgjum um vafasöm vinnubrögð líkt og ráðuneytið hefur haldið fram í umsögn sinni um skýrslu Deloitte.

Helsta gagnrýni ráðuneytisins hefur verið á forsendur Deloitte í útreikningum um afgerandi stærðir líkt og fjárfestingar og fjármagnskostnað.

Ágreiningur um fjárfestingar snýst um hvort byggja eigi á gömlum óverðleiðréttum fjárhæðum frá því fyrir hrun eða raunverulegri fjárfestingarþörf sjávarútvegsins miðað við núverandi verðlag og gengi eins og Deloitte styðst við. Til einföldunar má benda á að ekki er hægt að kaupa nýjan fjölskyldubíl í dag á sama verði og fyrir hrun.

Í skýrslu okkar kemur skýrt fram að vaxtaálag íslenskra banka hefur hækkað undanfarin ár og gera má ráð fyrir að vextir muni hækka. Fiskveiðistjórnunarkerfið á að gilda í áratugi og því gengur ekki að miða við stöðu vaxta á þeim tíma í fortíðinni þegar vextir og vaxtaálag voru í sögulegu lágmarki.

Deloitte telur að frumvörpin um stjórn fiskveiða sem nú liggja fyrir Alþingi séu illa undirbúin og stórgölluð. Þetta staðfestir umsögn óháðs sérfræðihóps sem tilnefndur var af atvinnuveganefnd. Kemst hann m.a. að þeirri niðurstöðu að í ljósi þeirra fjölmörgu ágalla sem á frumvarpinu eru, sé niðurstaðan sú að umfang gjaldtöku sé langt umfram það sem útgerðin getur staðið undir og verulegra breytinga sé þörf á aðferðafræði frumvarpsins.

Deloitte sendi inn sína umsögn 23. apríl 2012. Í heild bárust 78 umsagnir. Einungis 19 umsagnir voru sendar inn eftir að umsögn Deloitte var birt. Þar af komu 8 umsagnir frá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra, 6 frá sveitarfélögum og tengdum aðilum, 1 frá sérfræðihópi skipuðum af

atvinnuveganefnd, 1 frá Landsbankanum og 3 frá öðrum aðilum sem ekki fjölluðu um frumvarpið frá sama sjónarhorni og Deloitte.

Því er ekki hægt að segja að margar umsagnir til atvinnuveganefndar hafi byggt á niðurstöðum í umsögn Deloitte til atvinnuveganefndar eins og Sjávarútvegsráðuneytið heldur fram.

Í umsögn Sjávarútvegsráðuneytisins kemur fram „Í raun staðfestir greinargerð Daða Más og Stefáns Gunnlaugssonar þetta því að í henni er komist að þeirri niðurstöðu að útgerðin þoli miklu hærra veiðigjald en Deloitte kemst að niðurstöðu um“.

Deloitte hefur aldrei lagt mat á það hversu hátt veiðigjald útgerðin þolir. Vinna Deloitte sneri að því að reikna út áhrif hækkunar veiðigjalds á sjávarútveginn samkvæmt framlögðum frumvörpum. Hvergi kom fram sú ályktun að Deloitte teldi sjávarútveginn ekki geta þolað hækkun á veiðigjaldi enda var það ekki innan verksviðs Deloitte. Við sjáum ekki annað en að niðurstöður í skýrslu Daða Más og Stefáns um áhrif frumvarpanna á einstök félög og sjávarútveginn í heild sinni sé samhljóða niðurstöðum Deloitte, eða eins og þar kemur fram “umfang gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu sé langt umfram það sem útgerðin getur staðið undir“.

Til að komast hjá misskilningi skal áréttað að Deloitte studdist við EBITDA afkomu ársins 2010 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands eins og gert er í veiðigjaldafrumvarpinu enda eru það nýjustu tölur sem fyrir liggja um rekstur sjávarútvegs. Það er útúrsnúningur hjá Sjávarútvegsráðuneytinu að vísa til þess að Deloitte leggi ekki til grundvallar fyrirliggjandi raunstærðir afskrifta og vaxta ársins 2010. Deloitte var að horfa til framtíðar, ekki fortíðar við mat á fjárfestingaþörf, afskriftum og kostnaði fjármagns.

Deloitte hefur margsinnis komið þeim skilaboðum áleiðis að fyrirtækið sé reiðubúið til samræðna og samstarfs við starfsmenn Sjávarútvegsráðuneytisins við vinnu frumvarpa um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða án þess að þeim skilaboðum hafi verið svarað.

Deloitte átelur vinnubrögð stjórnvalda og telur í hæsta máta óeðlilegt með hversu miklum hraða frumvörpin hafa verið keyrð áfram og átelur þann knappa tíma sem hagsmunaaðilum var úthlutað til umsagnar um málið. Jafnframt er það áhyggjuefni að sjá með hve miklu offorsi Sjávarútvegsráðuneytið ræðst gegn heilindum fyrirtækisins í ummælum sínum. Vinnubrögð sem þessi geta varla talist til þess ætluð að hlúa að vandaðri málsmeðferð.

Hér á eftir fara svör Deloitte við einstökum efnisatriðum í umsögn Sjávarútvegsráðuneytisins:

- a) **Árgreiðsluaðferð.** Deloitte stendur við þá niðurstöðu sína að reiknuð árgreiðsla skv. frumvarpinu geti ekki innifalið að fullu fjármagnskostnað og afborganir á skuldum vegna fjárfestinga/endurfjárfestinga. Deloitte þekkir til forsendna árgreiðsluaðferðarinnar og einmitt þess vegna var varað við að binda árgreiðsluhlutföll til langs tíma. Á bls. 12 í skýrslu Deloitte kemur fram að best sé að miða við eðlilega ávöxtunarkröfu, endurkaupaverð fjárfestinga og útreikning jafngreiðslu (annuitet) afborgana og vaxta á endingartíma eigna.
- b) **Auðlindarenta.** Deloitte stendur við niðurstöðu sína að auðlindarenta verður ekki til í fiskvinnslu. Telji menn að verð hráefnis á milli útgerðar og fiskvinnslu sé ekki rétt er eðlilegra

að tekið sé á því tiltekna atriði (t.d. með transfer pricing reglum) en það ekki notað sem afsökun fyrir óréttmætri skattlagningu á fiskvinnslu. Á það var t.d. bent í skýrslu okkar að innflutt hráefni til fiskvinnslu árið 2010 nam tæpum 81 þúsund tonnum og var 10% af verðmæti þess afla sem tekinn var til vinnslu hér á landi. Ætli menn sér að skattleggja fiskvinnsluna á þann hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir má ætla að slíkur innflutningur hráefnis minnki stórlega og útflutningur hráefnis aukist. Af því leiðir að fiskvinnsla og störf flytjast úr landi.

- c) **Meint ofmat á fjárfestingum.** Ráðuneytið telur að afskriftir endurspegli núverandi fjárfestingaþörf greinarinnar. Afskriftir árið 2010 voru um 12 ma.kr. en Deloitte telur að árleg fjárfestingaþörf sé um 19 ma.kr. Þegar áætla þarf fjárfestingaþörf þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga. Afskriftir eins og þær koma fram í ársreikningum endurspegla sögulegar fjárfestingar og þar af leiðandi sögulegt verðlag, þær hækka ekki samkvæmt almennu verðlagi enda var verðbólgaureikningsskilum hætt árið 2001. Líftími fjárfestinga í sjávarútvegi er mjög breytilegur. Þannig kemur fram í greinargerð Sjávarútvegsráðuneytisins að meðalaldur fiskiskipa sé um 24 ár, en meðalaldur einstakra tækja og endurfjárfestinga um borð í skipum er mun styttri. Sama gildir um fjárfestingar í landvinnslu. Við kaup á eign eru afskriftir hennar gjaldfærðar á áætluðum líftíma. Þannig endurspegla núverandi afskriftir fjárfestingar sem farið var í fyrir allmörgum árum síðan. Til samanburðar má geta þess að byggingavísitala hefur hækkað um tæp 60% á sl. 5 árum. Stærstur hluti fjárfestinga s.s. fiskiskip, vélar og tæki er háður gengi íslensku krónunnar. Til samanburðar má geta þess að nýjasta skip flotans, Heimaey VE-1 kostaði í nóvember 2007 þegar skrifað var undir smíðasamning 1,8 ma.kr. sem miðað við gengi í dag jafngildir 3,5 ma.kr. Þetta er hækkan upp á 91%. Því til viðbótar má benda á að smíðaverð á skipi eins og Heimaey VE-1 hefur á þessum tíma hækkað yfir 20% í erlendri mynt frá árinu 2007. Til einföldunar má benda á að dæmigerður fjölskyldubíll, Toyota Corolla kostaði nýr 1,7 milljón kr. árið 2006 en kostar nýr í dag 3,6 milljónir sem er 112% hækkan verðs í krónum. Ráðuneytið gagnrýnir þá aðferðafræði að notast sé við 30% af EBITDA. Bent er á að það hlutfall sé töluvert lægra árin 2009 og 2010. Það er rétt staðhæfing hjá Sjávarútvegsráðuneytinu en það er sökum þess að á þessum árum voru fjárfestingar í sögulegu lágmarki og höfðu ekki verið jafn lágar undanfarin tíu ár. Fjárfestingar á þessum árum voru um 4 til 5 milljarðar á ári, sem er langt undir því marki sem eðlileg fjárfestingarþörf hefði annars kallað á. Ástæðan fyrir svo lítilli fjárfestingu undanfarin ár voru yfirlýsingar stjórnvalda um fyrirhugaða uppstokkun á lögum um stjórn fiskveiða sem urðu til þess að fyrirtækin ákváðu að halda að sér höndum. Þessu til stuðnings má benda á það sem kemur fram í umsögn sérfræðihóps atvinnuveganefndarinnar: „Mat frumvarpsins á fjármagnsþörf er vanmat á raunverulegri fjármagnsþörf í veiðum og vinnslu.“
- d) **Mat á afskriftum.** Í skýrslu Deloitte voru afskriftir eingöngu notaðar til útreiknings á tekjuskatti. Til að ofmeta ekki tekjuskattsgreiðslur var ákveðið til einföldunar að stilla fram afskriftum sem sömu fjárhæð og áætluðum fjárfestingum enda eru það þær fjárfestingar sem verða afskrifaðar í framtíðinni. Við gerum okkur fulla grein fyrir að afskriftir verða heldur lægri til að byrja með meðan verið er að afskrifa eldri fjárfestingar.

- e) **Afskriftir skattalegra veiðiheimilda.** Deloitte afskrifaði skattalegar veiðiheimildir nákvæmlega eins og frumvarpið gaf tilefni til og höfnum því alfarið að við höfum talið þær tvisvar til gjalda eins og Sjávarútvegsráðuneytið heldur fram.
- f) **Fjármagnskostnaður og skuldir.** Ráðuneytið telur Deloitte ofmeta skuldastofn sjávarútvegsfyrirtækja. Telur ráðuneytið að ekki sé hægt að horfa til heildarskulda greininarinnar þar sem hluti skulda sé tilkominn vegna fjárfestinga í óskyldri starfsemi og beri því ekki að taka tillit til þeirra við mat á auðlindarentu. Hér er um að ræða klassíska bábilju um umfangsmiklar fjárfestingar sjávarútvegsins undanfarin ár í óskyldum rekstri sem eiga við lítil rök að styðjast. Í skýrslu Deloitte sem gefin var út 28. október 2011 voru fjárfestingar í óskyldum rekstri kannaðar út frá ársreikningum fyrir árin 2007 og 2008. Athugað var hve stór hluti af fastafjármunum voru fjárfestingar í óskyldum rekstri. Í árslok 2007 var það hlutfall 11% af bókfærðum fastafjármunum eða um 30 ma.kr. og í árslok 2008 hafði sú tala lækkað niður í 6 ma.kr. eða í um 2% af bókfærðum fastafjármunum. Ljóst er af þessu að óverulegur hluti þeirrar skuldaukningar sem átti sér stað árin á undan kom til vegna fjárfestinga í óskyldum rekstri. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Landsbankans sem fram koma í umsögn bankans um frumvörpin. Þar kemur fram að hlutfall lána í óskyldum rekstri er um 1,5% af þeim lánum sem bankinn hefur afskrifað á sjávarútvegsfyrirtæki á undanförunum árum. Við höfum áður bent á að í frumvarpinu er ekkert tillit tekið til skulda vegna kaupa á aflaheimildum. Við skiljum ekki þá athugasemd að Deloitte styðjist eingöngu við tekjur af aflasölu þar sem að í greiningum okkar studdumst við annars vegar við rekstrartekjur einstakra fyrirtækja skv. ársreikningum og hins vegar við tekjur sjávarútvegs skv. greiningu Hagstofu Íslands. Sama gildir um skuldir. Það er rangt sem fram kemur hjá Sjávarútvegsráðuneytinu að eignarhlutar í öðrum félögum séu bókfærðir á nafnverði eða kaupverði. Hið rétta er að flestir stærri eignarhlutir (yfir 20%) eru bókaðir sem hlutdeild í bókfærðu eigin fé (+ yfirverð ef við á) en aðrir eignarhlutir eru bókaðir á kostnaðarverði. Kröfur á tengda aðila geta verið tilkomnar á margan hátt, m.a. vegna sölu til tengdra félaga s.s. afurðasölu- og vinnslufélaga en einnig sem lánveitingar.
- g) **Fjármagnskostnaður.** Í skýrslu okkar kemur skýrt fram að vaxtaálag íslenskra banka hefur hækkað undanfarin ár og gera má ráð fyrir að vextir muni hækka. Þar með erum við ekki að segja að þegar sé búið að hækka vaxtaálag á öll lán hjá öllum félögum. Fiskveiðistjórnunarkerfið á að gilda í áratugi og því gengur ekki að miða við stöðu vaxta á þeim tíma í fortíðinni þegar vextir og vaxtaálag voru í sögulegu lágmarki. Sama sjónarmið liggur að baki útreikningum Landsbankans sem gefur sér um 7% vexti sem er um 5% álag ofan á 8,5 ára framvirka vexti EURIBOR. Ætla má að sérfræðingar Landsbankans séu betur til þess fallnir að áætla það vaxtastig sem sjávarútvegsfélögum mun standa til boða næstu ár heldur en sérfræðingar Sjávarútvegsráðuneytisins. Enda kemur eftirfarandi fram í umsögn sérfræðihóps um fjármagnskostnað „Mat frumvarpsins á fjármagnskostnaði virðist tilviljanakennt. Betur hefði farið á því að fjármagnsþörf yrði metin af sérfræðingum á grundvelli markaðsgagna.“ Þess má geta að sérfræðihópurinn studdist við 5,0 - 6,5 % vexti. Deloitte studdist við 6% vexti. Til samanburðar má benda á þá vexti sem íslenska ríkinu stóð til boða í Icesave deilunni, þau vaxtakjör sem íslenska ríkið hefur hjá Alþjóða gjaldeyrisjóðnum og þau kjör sem eru í boði fyrir íslenska ríkið á alþjóðlegum lánamörkuðum. Samkvæmt Hagstofu Íslands námu „vextir og gengismunur“ rétt tæpum 18

ma.kr. á árinu 2010. Þess ber þó að geta að á því ári hafði sjávarútvegurinn umtalsverðan gengishagnað, enda styrktist íslenska krónan t.d. um 14,5% gagnvart evru á árinu 2010.

- h) **Meint ofmat vaxtagjalda og afskrifta.** Deloitte vísar því á bug að hafa ofmetið vaxtagjöld og afskriftir sbr. umfjöllun hér að framan í liðum c), d), f) og g).
- i) **Áhrif á einstök félög.** Sjávarútvegsráðuneytið kemst að furðulegri niðurstöðu um greiningu Deloitte á áhrifum hækkunar veiðigjalds á 11 nafngreind félög. Í ummælum ráðuneytisins er því haldið á lofti sem mótsögn að 5 félög með hæstu framlegðina (mælt sem EBITDA á þorskígildiskiló) eru sögð gjaldþrota samkvæmt niðurstöðu Deloitte en 4 félög með lægstu framlegð eru sögð standast hækkun á veiðigjaldi. Deloitte mat áhrif af hækkun á veiðigjaldi eftir því hvaða áhrif það hefði á framlegð og gjaldhæfi félaganna. Gjaldhæfi var metið út frá því hvað félögin væru lengi að greiða upp vaxtaberandi skuldir með þeim fjármunum sem til staðar væru eftir að búið væri að greiða veiðigjald, vexti, skatta og nauðsynlegar fjárfestingar. Vaxtaberandi skuldir mældar sem hlutfall af EBITDA hjá þeim 5 félögum sem Deloitte telur að ekki geti staðið undir hækkun á veiðigjaldi eru um 5,5 föld EBITDA en sama hlutfall er 0,9 hjá þeim 4 félögum sem Deloitte telur geta staðist hækkun á veiðigjaldi. Þar er augljóst að skuldastaða fyrirtækjanna hefur afgerandi áhrif á möguleika þeirra til að standa undir boðaðri hækkun veiðigjalds. Enda hefur Deloitte haldið því fram að hækkun á veiðigjaldi vegur þyngst hjá þeim fyrirtækjum sem skuldsett eru og það sé einungis á færi þeirra fyrirtækja sem eru lítið skuldsett að standast auknar álögur ríkisins. Það er sorglegt að sjá að Sjávarútvegráðuneytið skuli leggja svo lágt eins og raun ber vitni í þeim útúrnúningi sem fram kemur undir lið i) í umsögn þess.

Virðingarfyllt,



Þorvarður Gunnarsson  
Forstjóri Deloitte ehf